



Grundaskóli
Akranesi

3. bekkur



Skólaárið 2023-2024

Kennarar og aðrir starfsmenn

- **Umsjón:** Aðalheiður María Þráinsdóttir, Íris Björg Þorvarðardóttir og Ragnheiður Þórðardóttir.
- **Stuðningsfulltrúar:** Barbara Guðrún Davis og Wioletta Taroni
- **Stoðþjónusta:** Margrét Þorvaldsdóttir sérkennari og Guðrún Jóna Guðbjartsdóttir
- **Íþróttir og sund:** Íþróttakennarar rúlla hópunum á milli sín.
- **Leiklist og tjáning:** Guðrún Jóna Guðbjartsdóttir
- **Útikennsla:** Aðalheiður María Þráinsdóttir og Íris Björg Þorvarðardóttir
- **Textílmennt:** Eygló Gunnarsdóttir
- **Tónmennt:** Kristján Friðriksson
- **Heimilisfræði:** Halldóra Árnadóttir
- **Hreysti:** Íþróttakennarar og Steindóra Steinsdóttir



Skólastjórar og deildarstjórar í Grundaskóla



Lestur

Lestur er mikilvægur þáttur í námi barna.

Nauðsynlegt er að börnin lesi *að minnsta kosti* 20-30 mínútur á dag meðan verið er að ná lestrarfærni. Allan lestur á að skrá í heimalestrarbók.

Æskilegt er að börnin lesi heima 5 sinnum í viku.

Við hvetjum foreldra til lesa reglulega fyrir börnin því það örvar málþroska og málskilning auk þess sem slíkar samverustundir eru dýrmætar.

Verið börnum ykkar góðar fyrirmyndir varðandi lestur!

Stærðfræði

- Unnið er eftir efnisþáttum Sprota 3a og 3b.
- Ýmis aukaverkefni frá kennurum eftir þörfum.
- Hlutbundin stærðfræði í gegnum stærðfræðistöðvar og ýmsa aðra verklega vinnu.
- Markvisst unnið að því að auka talnaskilning.
- Áhersla á hugtök stærðfræðinnar og hugtakaskilning.

Íslenska

Í vetur leggjum við áherslu:

- Á ritun (sögugerð, frásagnir), skrift og vönduð vinnubrögð.
- Að nemendur dragi rétt til stafs.
- Að nemendur þekki reglur um stóran staf og lítinn, málsgreinar, punkt ...
- Lesskilning.
- Orð vikunnar, orð af orði.
- Byrjendalæsi.

- Verkefnið Akranesþema tengist öllum þáttum íslenskunnar.

HópaVinna

- Blöndun árgangs
 - Íslenskuhópar
 - Stærðfræðihópar
 - Unnið með blöndunina á þriðjudögum og fimmtudögum.
 - Aðrir hópar

Leggjum mikla áherslu á blöndun/ samvinnu árgangsins í leik og starfi.

Akranespema

- Verkefnið byggist á samþættingu ýmissa námsgreina, eins og íslensku, náttúrufræði og samfélagsfræði.
- Nemendur læra örnefni tengd Akranesi.
- Nemendur læra um helstu kennileiti Akraness.
- Að nemendur fái innsýn í Sögu Akraness.
- Farið verður í vettvangsferðir.
- Vinnustaðaheimsóknir.

Samvinna við heimilin - leitað verður til foreldra um mögulegar vinnustaðaheimsóknir.

UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR UPPBYGGING SJÁLFSAGA

Uppeldisstefna Grundaskóla og notuð sem leið til að:

- Ýta undir jákvæð samskipti.
- Kenna nemenda sjálfstjórn og sjálfsaga.
- Taka ábyrgð á eigin orðum og gjörðum.
- Læra af mistökum í samskiptum.
- Þekkja styrkleika sína.
- Gerður er bekkjarsáttmáli. Hann er sáttmáli nemenda um rétta hegðun og framkomu.
- Bekkjarfundir eru vikulega.

Unnið úr verkum Diane Gossen

Mentor.is

Mentor er samskiptaforrit fyrir heimili og skóla.

Þar verður hægt að finna:

- Kennsluáætlanir.
- Umsagnir fyrir verkefni og niðurstöður prófa.
- Mætingu (skráning á leyfi/veikindum/nemandi of seinn).
- Nemandi sem ekki er mættur kl. 8.10 fær skráð í fjarvistaskrá - of seinn.

Nemandi sem mætir 20 mínútum of seint fær fjarvist alla kennslustundina.

- Fréttaveita og tilkynningar.
- **Endilega athugið símanúmer og heimilisfang inná Mentor hvort upplýsingar séu réttar.**

Mentor, leyfi- veikindi nemenda

Erfitt getur reynst að ná í ritara skólans í upphafi dags. Því hvetjum við ykkur að sækja *um leyfi* eða *skrá veikindi* barna ykkar inn á Mentor.

Ef um *lengra leyfi* er að ræða, 3 dagar eða fleiri, er mikilvægt að þið upplýsið umsónarkennarann.

Jafnframt þurfið þið að sækja um leyfi á *grundaskoli.is* og fylla út eyðublað (*grundaskoli.is/umsóknir/umsókn um langtímaleyfi*).

Öll sú röskun er kann að verða námi nemanda sem er í leyfi, er á ábyrgð foreldra.

Timian og nesti

- Við viljum minna ykkur á að skrá börnin í mat inn á www.grundaskoli.is/timian (á forsíðu skólans).
- Lögð er áhersla á hollt nesti.
- Muna eftir vatnsbrúsanum.

Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn - fjarvistir

10 fjarvistarstig

Þá mun umsjónarkennari hafa samband við foreldra/forráðamenn og ræðir skólasókn.

30 fjarvistarstig

Þá skrifar umsjónarkennari formlegt bréf til foreldra/forráðamanna og vekur athygli á vandamálinu og hvetur til úrbóta.

45 fjarvistarstig

Umsjónarkennari boðar foreldra til viðtals í skólanum með sér og deildarstjóra.

Duga þessi úrræði ekki mun skólastjórn taka við málinu til frekari meðferðar.

Svefn barna

Hvenær á barnið að fara í háttinn?

Aldur	Hvenær þarf að fara á fætur?						
	06:00	06:15	06:30	06:45	07:00	07:15	07:30
5 ára	18:45	19:00	19:15	19:30	19:30	20:00	20:15
6 ára	19:00	19:15	19:30	19:30	20:00	20:15	20:30
7 ára	19:15	19:15	19:30	20:00	20:15	20:30	20:45
8 ára	19:30	19:30	20:00	20:15	20:30	20:45	21:00
9 ára	19:30	20:00	20:15	20:30	20:45	21:00	21:15
10 ára	20:00	20:15	20:30	20:45	21:00	21:15	21:30
11 ára	20:15	20:30	20:45	21:00	21:15	21:30	21:45
12 ára	20:15	20:30	20:45	21:00	21:15	21:30	21:45

Útivistartími barna á skólatíma

Á skólatíma 1. sept. til 1. maí leyfa reglur eftirfarandi:

- 12 ára börn og yngri mega lengst vera úti til kl. 20:
- 13 – 16 ára börn mega lengst vera úti til kl. 22.
- Aldur miðast við fæðingarár.
- Einungis má eldri hópurinn bregða út af reglunum þegar þeir eru á leið heim frá viðurkenndri skóla-, íþróttá- eða æskulýðssamkomu.
- Útivistarreglur eru skv. Barnaverndarlögum.

Það er mikilvægt að...

- góð samvinna sé milli heimila og skóla um allt er viðkemur barninu. Góð samvinna bætir líðan barnsins og styður við árangur þess í námi.
- að barnið upplifi jákvætt viðhorf heima hjá sér gagnvart skólanum.
- að foreldrar séu í góðu sambandi og **ræði saman** ef eitthvað kemur upp á.
- nemendur eru 30 kennslustundir á viku í skólanum. Þetta er langur skóladagur og því er hvíldin börnunum mjög mikilvæg.
- börnin þurfa að fara snemma að sofa. Athugið að hvorki símar né tölvur séu að trufla svefninn.
- að börnin séu búin að borða vel áður en þau mæta í skólann og séu ávallt nestuð.

Annað...

- Vettvangsferðir verða innanbæjar.
- Vinnustaðaheimsóknir.
- Börnin eiga að koma klædd eftir veðri (regnföt/kuldagallar, húfa, vettlingar, stígvél).
- Gott að hafa aukaföt í kassanum.
- Vinsamlegast merkið allan fatnað vel.
- Afmælishátíðir verða haldnar, ein fyrir áramót og ein eftir áramót.
- Afmælisboð. Ef nemandi ætlar að koma með afmælisboðsmiða í skólann þá þarf að bjóða annað hvort öllum í bekknum eða öllum í bekknum af sama kyni.

- Skólinn opnar kl 7:40.

Athugið að fáir starfsmenn eru á vakt til kl 8:00.

- Símar eiga að vera heima.
- Virðið virkan ferðamáta, hvetjið börnin ykkar til að hjóla eða ganga í skólann.
- Gangbrautarvarslan er hafin og er í umsjá nemenda 9.bekkjjar.

Bekkjarfulltrúar

1.bekkur bekkjarfulltrúar

Karitas Ósk - Indíana Rós
Guðbjörg Þórunn - Valdís Inga
Margrét Þóra - Erna Dögg
Ólöf Helga – Björn Leó

2.bekkur bekkjarfulltrúar

Aldís Birna -Emilía Ella
Guðbjörg Þórunn - Valdís Inga
Svava Mjöll - Alexander Þór
Ella Þóra - Elías Þór

3.bekkur bekkjarfulltrúar

Heiðdís Júlíusdóttir- Sara Dís
Elva Rut Árnadóttir - Maron Már
Rúna Björg Sigurðardóttir - Erik Fannar
Bjarný Þorvarðardóttir - Christian Leó
Auður Elísabet Baldursdóttir- Hreinn
Snæland

AÐ LOKUM

Jákvæðar umræður skapa jákvætt viðhorf til skólans.

Ef þið eruð í vafa með eitthvað,
Hafið þá endilega samband við okkur.

Við hlökkum til samstarfsins í vetur.

Takk fyrir komuna!